

Grunnskóli Seltjarnarness-Mýrarhúsaskóli

Janúar 2011

Heimanám

Niðurstöður viðhorfskönnunar
foreldra, kennara og nemenda
á heimanámi

Edda Óskarsdóttir

Fjóla Höskuldsdóttir

Guðlaug Sturlaugsdóttir

Ólína E. Thoroddsen

Vegna endurskoðunar á stefnu skólans um heimanám var ákveðið á kennarafundi að gera tilraun með að hafa eingöngu lestur sem heimanám í fjórar vikur í nóvember 2010. Að þeirri tilraun lokinni var könnuð reynsla foreldra, kennara og nemenda af tilrauninni.

Eftirfarandi bréf var sent á alla foreldra á yngsta- og miðstigi Grunnskóla Seltjarnarness þann 21. október sl.

Nú á haustdögum hefur farið fram talsverð umræða um tilgang og gagnsemi heimanáms á yngsta og miðstigi. Er það liður í sjálfsmati skólans. Skólar móta sér ákveðna stefnu varðandi heimanám og sú stefna þarf að vera ígrunduð. Liður í því er að endurskoða stefnuna með reglulegu millibili. Fáar íslenskar rannsóknir eru til um heimanám en erlendar rannsóknir benda til að áhrif heimavinnu á námsárangur sé ólíkur eftir aldri nemenda. Aukinn árangur virðist ekki merkjanlegur hjá yngri nemendum en fylgni er milli heimanáms og árangurs þegar kemur fram á síðari hluta mið- og unglingsstigs.


Skóladagur barna hefur lengst og nær öll börn í fyrsta og öðrum bekk eru í Skólaskjólínu að loknum skólatíma, til fjögur eða fimm. Tímstundaiðkun er einnig mikil eftir að skóladegi lýkur. Fyrir mörg börn er þetta nóg og e.t.v. betra að fjölskyldan eigi notalega samverustund í lok dags fremur en að foreldrar þurfi að reka á eftir með heimanám.

Í ljósi alls þessa höfum við ákveðið að gera tilraun með að sleppa heimanámi í nóvembermánuði. Lestur verður þó áfram jafn nauðsynlegur og fyrr, enda segir í stefnu skólans: Lestur er undirstaða alls náms og aldrei er ofmetið mikilvægi þess að allir nemendur lesi daglega. Ekki er nóg að ná tókum á lestrartækninni heldur þarf stöðuga æfingu í að lesa mismunandi texta til að efla lesskilning enda byggir allt nám meira eða minna á góðri lestrarfærni. Að tilraun lokinni verður kannað hvernig nemendum, foreldrum og kennurum hefur líkað þessi tilraun.

Í upphafi desembermánaðar var síðan send út könnun í gegnum *googleform* eins og gert var ráð fyrir. Könnunin var send á foreldra nemenda í 1. – 6. bekk, umsjónarkennara og nemendur í 3. – 6. bekk.


Könnun meðal foreldra

Könnunin var send á alla foreldra í gegnum Mentor og var gert ráð fyrir að þeir hefðu tækifæri til að svara henni fyrir hvert barn á heimili sem er á yngsta- og miðstigi. Svör voru 295 og skiptust á þennan hátt:




Spurningar í könnuninni voru tvær og einnig gátu foreldrar komið skoðunum sínum og hugsunum varðandi heimanám á framfæri í textasvari og nýttu sér það margir.



Fyrri spurningin var: *Ert þú fylgjandi eða andvíg/ur því að hafa heimanám eingöngu lestur eins og verið hefur sl. fjórar vikur?*



Seinni spurningin: *Sl. mánuð var eina heimanámið lestur. Hvernig hefur hann gengið?*



Hér fyrir neðan eru svör miðuð við fjölda barna á heimili sem eru á yngsta-og miðstigi og sett í þrjá flokka:




Könnun meðal nemenda


Nemendur í 3. – 6. bekk svöruðu könnuninni í tölvuveri skólans í fyrstu viku desembermánaðar. Könnuninni svöruðu 170 nemendur, 85 stelpur og 84 strákar (1 merkti ekki við kyn). Spurningar í könnuninni voru 5.

1. Í hvaða bekk ertu?
2. Ertu: strákur/stelpa
3. Ertu sátt/ur eða ósátt/ur við að hafa heimanámið eingöngu lestur?
4. Hvernig vilt þú hafa heimavinnuna?
5. Annað sem þú vilt koma á framfæri?


Spurning 3 – skipt eftir árgöngum.



Spurning 4 - allir



Spurning 4 – skipt eftir árgöngum




Svörin við spurningum þrjú og fjögur segja okkur að nemendur hafi verið mjög ánægðir með tilraunina okkar í nóvember en þeir vilja samt flestir hafa heimanám. Svör nemenda í 6. bekk skera sig úr að því leyti að þar eru flestir sem finnst að það eigi ekki að vera heimanám eða að það eigi aðeins að vera heimalestur.

Mörg áhugaverð svör komu fram hjá nemendum í spurningu 5. Einn nemandi skrifar að „nóvember (hefur innsk.) verið besti mánuður í lífi mínu!!!“ sem lýsir léttinum yfir að hafa ekki heimanám. Önnur viðbrögð eru „það er ekkert leiðinlegt að læra heima“ og „mig langar að hafa heimavinnu því mig langar að læra einkvað meira og vera betri í einkverju“. Einn nemandi bendir á að hann vilji ekki hafa heimavinnu um helgar á meðan annar segist bara læra um helgar. Þannig að það er ljóst að nemendur hafa mjög ólík viðhorf gagnvart heimanámi og því hvernig og hvenær það er unnið.

Könnun meðal kennara

Könnun var lögð fyrir umsjónarkennara, 16 alls, og bárust svör frá 14. Fyrri spurningin var: *Ertu fylgjandi eða andvíg/ur því að hafa heimanámið eingöngu lestur?* Niðurstaðan var að helmingur kennara er fylgjandi því að hafa heimanám eingöngu lestur og helmingur er því andvígur.

Seinni spurningin var: *Hvernig hefur lesturinn gengið?*



Í textasvörum frá kennurum koma fram skiptar skoðanir. M.a. kemur fram að kennarar vilja leggja áherslu á tilgang heimavinnu og gæta þess að hún sé í takti við verkefni sem verið er að vinna í skólanum hverju sinni. Ekki senda heimavinnu vikulega, bara af því það hefur alltaf verið gert.

Samantekt

Á þessum niðurstöðum má sjá að lítill munur er á svörum foreldra sem eru fylgjandi og andvígir því að hafa heimanámið eingöngu lestur. Þegar tekin eru saman svör þeirra sem svara mjög og frekar fylgjandi annars vegar og mjög og frekar andvíg/ur hins vegar munar ,mjög litlu, aðeins 6%, fleiri sem eru fylgjandi. Ef skoðað er hvort nemendur voru almennt að lesa meira heima má sjá að þeir sem segjast hafa lesið svipað og áður, minna eða miklu minna eru mun fleiri (63%) en þeir sem lásu meira eða miklu meira (37%). Þannig að minna heimanám skilaði sér greinilega ekki í meiri heimalestri, nema að litlu leyti. Þó er rétt að taka fram að þetta var ef til vill ekki nægilega langur tími til þess að hafa þau áhrif að breyta lestrarvenjum barnanna.

Margir foreldrar komu skoðunum sínum á framfæri í textasvari og má margt áhugavert lesa úr þeim svörum. Sumir vildu lýsa ánægju sinni með þessa tilraun og sögðu hana hafa verið létti fyrir fjölskylduna. Mjög margir sögðust aftur á móti missa tengslin við skólann og þar með yfirsýn yfir nám barnsins með því að hafa ekki heimanám. Svarið hér að neðan lýsir vel því sem kom fram hjá mörgum foreldrum og er mikilvæg ábending til okkar í skólanum um hvað heimanám ætti að snúast:

Ég vil koma á framfæri þökkum fyrir þessa tilraun og að leyfa foreldrum að taka þátt í henni með virkum hætti. Í raun komu niðurstöður tilraunarinnar sjálfri mér á óvart. Mér hefur stundum þótt heimanámið ekki bera mikinn árangur. Hins vegar er skoðun okkar foreldranna eftir þessa tilraun að við foreldrar missum af tækifæri til að aðstoða börnin okkar í náminu. Það er oft góðar og lærdómsríkar stundir fyrir okkur öll. Við vitum minna um það sem gerist í skólanum og okkur finnst við í minni tengslum við skólann. Við teljum þó mikilvægt að huga að inntaki heimanámsins. Það þarf að fjalla um krefjandi verkefni, en ekki handavinnu sem foreldrarnir þurfa ekki að koma að. Einnig er mikilvægt að heimavinnan sé ekki of mikil, en að hún hvetji til samveru foreldra og barnanna og umræðu um mikilvæg málefni.

Kennarar ræddu niðurstöður úr könnuninum þremur og stefnu skólans í heimanámi á vinnufundi í janúar. Niðurstaða okkar er að halda áfram með heimanám. Helstu rökin fyrir því eru:

- Það er ekki afgerandi meirihluti fyrir því að heimanám verði eingöngu lestur (í stefnu skólans er gert ráð fyrir einstaklingsmiðun heimanáms).
- Nemendur lásu ekki meira þrátt fyrir að lestur væri eina heimanámið.
- Mjög margir foreldrar lýstu áhyggjum af því að þeir misstu tengsl við skólann og nám barna sinna.
- Margir höfðu áhyggjur af því að námsárangur yrði ekki eins góður ef ekkert heimanám væri.

Margar góðar ábendingar frá foreldrum komu fram í könnuninni og í ljósi nokkurra athugasemda munum við fylgjast árlega með því að samræmi og hæfilegur stígandi sé í heimanámi barnanna. Þá munum við einnig gæta þess að hún sé í takti við verkefnin sem verið er að vinna í skólanum hverju sinni.

Hafa þarf í huga hvað nemendur eru ólíkir með ólíkar aðstæður og velja verkefni til heimanáms samkvæmt því. Stefna skólans um heimanám er á heimasíðu skólans.